



*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 136/1101*

*komudagur 9.3.2009*

Hr. Gautur Sturluson nefndarritari  
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis  
Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 6. mars 2009

2009020012/34.01/HB/jh

**Efni: Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða. (Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009).**

Vísað er til þess að sóttvarnalæknir hefur áður gert athugasemdir við þetta frumvarp þegar það var lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008 og komið hefur verið til móts við nokkrar athugasemdir sem gerðar voru.

#### **Athugasemdir.**

- Því er fagnað að það komi fram með ótvíræðum hætti í 72. gr. frumvarpsins í lið h. (7. gr. h.) að fôðurfyrirtæki og aðilar sem starfa við rannsóknir og greiningu á fôðri skulu tilkynna Matvælastofnun ef í fôðri greinast örverur sem geta borist í dýr og þannig valdið sjúkdómum í mönnum sem eru tilkynningaskyldir samkvæmt ákvæðum sóttvarnalaga, nr. 19/1997, eða reglna settra með stoð í þeim lögum.
- Með breytingu á orðalagi í 23 gr. d. (30. gr. c.) þar sem fram kemur að Matvælastofnun skuli sjá um samhæfingu aðgerða samkvæmt lögum þessum þegar upp kemur bráð eða alvarleg matarsýking, matareitrun eða önnur vá svipaðs eðlis og komið til móts við fyrri ábendingar. Með því að vísa til laga þessara má ætla að ekki verði árekstrar við ákvæði sóttvarnalaga hvað varðar sýkingar í mönnum.
- Ísland er aðili að alþjóðareglugerð Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem tók formlega gildi árið 2007. Þar er gert ráð fyrir því að aðildarríki stofnunarinnar sjái til þess að þar til bær yfirvöld gefi út sóttvarnavottorð (heilbrigðisvottorð) fyrir skip í millilandasiglingum. Slík vottorð taka m.a. til matvælaöryggis um borð. **Mjög mikilvægt er að ákvæði í 2. gr. frumvarpsins um matvælaeftirlit um borð í skipum í höfnum og á leið til hafna hérlandis og loftför á flugvöllum hérlandis nái fram að ganga svo unnt sé að tryggja að nauðsynlegt verklag við útgáfu sóttvarnavottorða.**
- Í athugasemdum við lagafrumvarp þetta kemur fram að íslensk yfirvöld hafi frest til 1. nóvember 2010 til þess að innleiða þær gerðir ákvörðunarinnar sem gilda um búfjárafurðir, kjöt, mjólk og egg. Þennan tíma þarf að nota til að aðlaga ýmis stjórnvaldsfyrirmæli að löggjöf ESB og breyta lagaframkvæmd. Unnið er að því að fá svokallaðar „viðbótartryggingar“ vegna salmonellu sem þýðir að ESB tekur tillit til þess hve salmonellusýkingar eru fátíðar á Íslandi. Slíkar viðbótartryggingar þýða að takmarka má



tiltekinn innflutning til að fyrirbyggja útbreiðslu tiltekinna matarsýkinga. Sóttvarnalæknir ítrekar mikilvægi þess innflutt matvæli á borð við búfjárafurðir, kjöt, mjólk og egg lúti sama stranga eftirliti og innlend matvælaframleiðsla til að tryggja lýðheilsuna í landinu. Það er höfuðatriði að Matvælastofnun hafi þau úrræði sem þarf til að vakta innflutt matvæli og einnig er nauðsynlegt að tryggja að stofnunin geti gripið til nauðsynlegra aðgerða. Skilgreina þarf nákvæmlega hvað það er sem á að vakta. Hér á landi hafa til að mynda kampýlóbakttersýkingar verið vaktaðar í kjúklingaeldi ekki síður en salmonellusýkingar. Viðbrögð við þeirri vöktun hafa skilað miklum árangri fyrir lýðheilsu hér á landi.

Gert í samráði við sóttvarnaráð sem styður niðurstöður sóttvarnalæknis.

Karl G. Kristinsson, varamaður í sóttvarnaráði, óskaði eftir að það kæmi fram að hann legðist gegn því að innflutningur á hráum sláturafurðum verði heimilaður af lýðheiluástæðum.

Virðingarfyllst,

Haraldur Briem  
Sóttvarnalæknir

Afrit: Ögmundur Jónasson, heilbrigðisráðherra  
Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri heilbrigðisráðuneytisins  
Matthías Halldórsson, landlæknir